



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Samantekt, **apríl 2017**. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Umhverfisnefnd auglýsti opið í fundarsal Hafnargötu 28, Seyðisfirði, mánudaginn 10. apríl þar sem fólk gat komið og kynnt sér *Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030*. Aðalskipulagið má finna á vefsíðu kaupstaðarins, http://www.sfk.is/static/files/byggingafulltrui/adalskipulag_2010.pdf

Aðalfundur Hugins var haldinn 18. apríl. Því miður mættu ekki margir á þann fund, en sama stjórn með Höllu Dröfn Þorsteinsdóttur sem formann, heldur áfram sínum störfum.

Sundhöll Seyðisfjarðar opnaði aftur þann 24. apríl. En opnunin dróst vegna meira viðhalds við kerfið en talið var í fyrstu.

Ræsing Seyðisfjarðar hélt áfram vinnufundum sínum. Áætluð lok í Ræsingu eru í lok maí. En í lokin mun eitt verkefnið standa uppi sem sigurvegari og hljóta 1.000.000 krónur í verðlaunafé.

Sveitarstjórnarmál

Sameiginleg húsnæðisáætlun fyrir Austurland.

Víða á Austurlandi virðist vöntun á íbúðarhúsnæði. Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 12. apríl s.l. fyrir sitt leyti að taka jákvætt í fyrirspurn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi um sameiginlega húsnæðisáætlun fyrir Austurland með fyrirvara um þátttöku annarra sveitarfélaga á Austurlandi.

Rekstur SvAust ehf.

Fyrir fundi bæjarstjórnar í apríl lá tillaga frá stjórn SvAust ehf sem er félag um almenningssamgöngur á Austurlandi um að öll sveitarfélög á Austurlandi sameinist um að standa að rekstri og umsýslu SvAust ehf. á forsendum sem gert var grein fyrir í tillögunni og fylgiskjölum. Bæjarstjórn tekur jákvætt í tillögu stjórnar SvAust ehf. með fyrirvara um forsendur tillögunnar og þátttöku sveitarfélaga á Austurlandi.

Verndarsvæði í byggð – Seyðisfjörður

Bæjarstjórn samþykkti á fundi í apríl að sá hluti verkefnisins Verndarsvæði í byggð – Seyðisfjörður sem er norðan Fjarðarár afmarkist við Bjólfsgötu, Oddagötu, Öldugötu, Norðurgötu og Vesturveg.

http://www.sfk.is/static/files/skjol/PDF/kort/verndarsvaedi_i_byggd.pdf

Skipulagsmál strandsvæða.

Vegna stórfelldra áforma um fiskeldi í fjörðum í kringum Ísland hafa skipulagsmál haf- og strandsvæða verði í nokkrum brennidepli. Unnið er í samvinnu við sveitarfélög sem hagsmuna hafa að gæta að því að koma sjónarmiðum sveitarfélaganna á framfæri við ríkisvaldið. Meðal annars sendu 12 bæjar- og sveitarstjórar á Austurlandi og Vestfjörðum umhverfis- og auðlindaráðherra sameiginlegt bréf með mótmælum vegna frumvarps til laga um skipulag haf- og strandsvæða.